

**Kjarasamningur  
milli  
Félags tæknifólks hjá Landsvirkjun (FTL)  
og  
Landsvirkjunar**

**1. gr.**

Kjarasamningur þessi gildir til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Hann felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Landsvirkjunar og FTL.

**2. gr.**

**Launabreytingar**

Mánaðarlaun hækka á samningstímabilinu sem hér segir:

1. apríl 2019	kr. 17.000
1. apríl 2020	kr. 18.000
1. janúar 2021	kr. 15.750
1. janúar 2022	kr. 17.250

**3. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2019	kr.132.071
Á árinu 2020	kr.135.373
Á árinu 2021	kr.138.757
Á árinu 2022	kr.142.226

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót	kr.132.071
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót	kr.135.373
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót	kr.138.757
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót	kr.142.226

GS6  
SS  
/68

#### 4.gr

##### Vinnutímastytting (gildir frá 1.1.2020)

Ákvæði 2.1.1. orðist svo:

Vinnuvika starfsmanna í 100% starfi skal vera 37 klst. og 15 mín. á viku. Virkur vinnutími á viku er 36 klst. Dagleg viðvera á vinnustað er virkur vinnutími að viðbættum hléum frá vinnu. Mánaðarleg vinnuskylda er að jafnaði 161,4 klst.

Ákvæði 3.1.3. orðist svo:

Á venjulegum vinnudegi eru kaffihlé samtals 15 mín. á dag og eru greidd sem vinnutími. Kaffihlé eru sveigjanleg og tekin þegar best hentar starfseminni.

#### 5.gr

##### Orlofsávinnsla

Lágmarksorlof er 24 virkir dagar og orlofslaun sem nema 10,17%. Starfsmaður sem unnið hefur hluta orlofsárs skal fá tveggja daga orlof fyrir hvern unninn mánuð hjá LV.

Starfsmaður sem unnið hefur 1 ár hjá Landsvirkjun á rétt á 27 virkum dögum og 11,59% orlofslaunum.

Starfsmaður sem unnið hefur 3 ár hjá Landsvirkjun á rétt á 30 virkum dögum og 13,04% orlofslaunum.

Orlofsréttur reiknast frá byrjunar mánuði eftir að ofangreindum starfstíma er náð. Heimilt er að meta starfsreynslu úr sambærilegum störfum til jafns við starfsaldur hjá Landsvirkjun.

Breyting á ávinnslu taki gildi frá 1.júlí 2019 en þá tóku gildi lög 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

*Skýring: Þegar föst laun eru greidd 12 mánuði ársins (m.v. áunninn orlofsrétt) greiðast orlofslaun ekki til viðbótar. Orlofslaun eru reiknuð af breytilegum greiðslum sem ekki teljast til fastra launa.*

#### 6.gr.

##### Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

GSG  
SPP  
EP

7.gr.

**Atkvæðagreiðsla**

Kjarasamningur þessi skal borinn upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu félagsmanna FTL sem starfa skv. kjarasamningnum og skal henni lokið eigi síðar en 24. febrúar 2020.

Reykjavík, 18. febrúar 2020

f.h. Félags tæknifólks hjá Landsvirkjun

f.h. Landsvirkjunar

Gættumarkur Sigríð Guðmundsson  
með fyrirvara um samþykki  
félagsmanna

Sturla J. Aronsson  
Helga Þórsdóttir

## Bókun vegna mats á virkni launasamtala

Landsvirkjun mun við lok samningstímans veita FTL upplýsingar um hvernig launasamtöl hafa haft áhrif á launaþróun FTL félagsmanna:

- Niðurstaða hvers launasamtals, gildistaka breytingar nafnlaust og ópersónugreinanlegt

## Bókun vegna orðalagsbreytinga og lagfæringa á texta

Gerðar verði breytingar á eftirtöldum greinum kjarasamnings FTL við LV:

- grein 1.3.4.**  
Ljúki félagsmaður FTL umfangsmiklu verkefni, getur hann sótt um aukabókun **sem nemur allt að einum mánaðarlaunum**, enda hafi honum ekki verið sannanlega umbunað að fullu fyrir verkefnið að öðru leyti.
- grein 1.5.3.**  
Ef álag vegna tímabundinna, umfangsmikilla verkefna **svo sem stórum framkvæmdaverkefnum, viðhaldsverkefnum og viðgerðum fjarri sinni starfsstöð** er það mikið að starfsmaður telur það vera verulega umfram það vinnuframlag sem reiknað hafði verið með við ákvörðun launa, getur hann sótt um sérstaka aukabókun, eingreiðslu, vegna þess álags. **Starfsmaður getur lagt fram beiðni um slíka álagsgreiðslu til viðkomandi stjórnanda sem í samráði við starfsmannastjóra fer yfir málið og leggur fram tillögur að niðurstöðu til forstjóra.**
- Jafnframt verður unnið að endurskoðun annarra ákvæða meðal annars vegna tilkomu jafnlaunakerfis. Stefnt skal að því að verki ljúki eigi síðar en 1.maí 2020.

GSG  
800  
6P

## Tilkynning um framkvæmd vinnutímastyttingar frá 1. janúar 2020

*Skýring:* Venjulegur vinnudagur í dagvinnu hjá LV hefur miðast við 8 klst. á dag. Hádegishlé er 30 mín., nokkuð sveigjanlegt í tíma og lengd og kaffihlé eru stutt og sveigjanleg. Við ákvörðun vinnutímastyttingar er m.a. litið til þessa sveigjanleika og eru samningsaðilar sammála um að miða við að virkur vinnutími í dagvinnu fyrir vinnutímastyttingu hafi verið um 7 klst. og 21 mín. á dag eða 36 klst. og 45 mín. á viku.

Ný vinnutímaákvæði frá 1. janúar 2020 miða við 36 klst. virka vinnuviku. Vinnutímastytting er því sem nemur 45 mín. fyrir hverja unna viku. LV mun hafa samráð við starfsmenn um útfærslu vinnutímastyttingar og verður þá miðað við vinnutímastyttingu á viku, mánuði eða innan ársins.

Að höfðu samráði við fulltrúa starfsmanna hefur verið ákveðið að útfæra vinnutímastyttingu með eftirfarandi hætti:

Vinnutímastyttingu verður safnað upp og verður miðað við að unnar vikur á hverju almanaksári séu 45 m.v. fullt starf allt árið. Þannig er mögulegt að safna upp allt að 34 klst. á hverju almanaksári sem starfsfólk skráir sérstaklega í tímaskráningu. Langtíma fjarvistir umfram orlof kunna að skerða þennan tímafjölda. Nýta má þessar stundir innan almanaksárs en þá falla ónýttar stundir niður. Við starfslok falla ónýttar stundir niður og greiðast ekki út.

GSG  
BP